



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu

1.gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu á vegum Félagsþjónustu A-Hún skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki **123,5** þrepi, samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins og launanefndar sveitarfélaga, að viðbættu orlofi og launatengdum gjöldum, samtals: **1.365 kr.**

2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. Eða **126.537 kr.**
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **189.805 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna undir 18 ára aldri.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns.
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar Ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.
10. Þykir sérstök ástæða til, er hægt að fara fram á upplýsingar um eignatekjur við mat á greiðslugetu.

3 gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun Ríkisins kr: **18.284.-** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

5 gr.

Uppgefnar fjárhæðir eru háðar launaþróun viðkomandi kjarasamnings og þróun lífeyris TR og eru því birtar með fyrirvara um breytingar á forsendum. Gjaldskráin tekur breytingum samkvæmt tilgreindum forsendum 1. janúar ár hvert.



Félags- og skólaþjónusta A-Hún

Október 2007 til Október 2008 Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er **kr 1.365.-**

Gjaldflokkur	Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir:	Gjald
Einstakl. 1	Allt að 126.537 kr pr. mán	0 kr./klst
Einstakl. 2	Á bilinu 126.538 – 189.805 kr/mán	455 kr./klst
Einstakl. 3	Á bilinu 189.806 – 221.440 kr/mán	683 kr./klst
Eikstakl. 4	Yfir 221.441 kr/mán	1365 kr./klst
	Tekjumörk hjóna/para	
Hjón 1	Allt að 189.805 kr/mán	0 kr./klst
Hjón 2	Á bilinu 189.806 – 284.807 kr/mán	455 kr./klst
Hjón 3	Á bilinu 284.808 – 332.159/mán	683 kr./klst
Hjón 4	Yfir 332.160 kr/mán	1365 kr./klst

Október 2008 til Október 2009 Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er **1424 kr**

Gjaldflokkur	Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir:	Gjald
Einstakl. 1	Allt að 135.928 kr pr. mán	0 kr./klst
Einstakl. 2	Á bilinu 135.928 – 203.892 kr/mán	475 kr./klst
Einstakl. 3	Á bilinu 203.892 – 237.874 kr/mán	712 kr./klst
Eikstakl. 4	Yfir 237.874 kr/mán	1424 kr./klst
	Tekjumörk hjóna/para	
Hjón 1	Allt að 203.892 kr/mán	0 kr./klst
Hjón 2	Á bilinu 203.892 – 305.838 kr/mán	475 kr./klst
Hjón 3	Á bilinu 305.838 – 356.811 kr/mán	712 kr./klst
Hjón 4	Yfir 356.811 kr/mán	1424 kr./klst

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er **1455 kr** Október 2009- Október 2010

Gjaldflokkur	Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir:	Gjald
Einstakl. 1	Allt að 148.977 kr pr. mán	0 kr./klst
Einstakl. 2	Á bilinu 148.977 – 223.466 kr/mán	485 kr./klst
Einstakl. 3	Á bilinu 223.466 – 260.710 kr/mán	728 kr./klst
Eikstakl. 4	Yfir 260.710 kr/mán	1455 kr./klst
	Tekjumörk hjóna/para	
Hjón 1	Allt að 223.466 kr/mán	0 kr./klst
Hjón 2	Á bilinu 223.466 – 335.198 kr/mán	485 kr./klst
Hjón 3	Á bilinu 335.198 – 391.065/mán	728 kr./klst
Hjón 4	Yfir 391.065 kr/mán	1455 kr./klst